

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 1/2016**

Kæra Magna verslana ehf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 5/2016](#).

1. Þann 18. maí 2016 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2016: Kæra Magna verslana ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 2. febrúar 2016. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 1. mars 2016, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 2. febrúar 2016 í máli nr. 5/2016, um að kærandi hafi brotið gegn 5. gr., 8., gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 5. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði með því að tilgreina ekki gildistíma kynningarverða á skoteldum á vefsíðu sinni heimkaup.is. Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 var með ákvörðuninni lögð stjórnvaldssekt á kæranda að fjárhæð 250.000 krónur.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

**MÁLAVEXTIR**

4. Kærandi starfrækir heimasíðuna heimkaup.is þar sem ýmis konar vörur eru boðnar til sölu. Af gögnum málsins verður ráðið að í desember 2015 hafi kærandi boðið til sölu skotelda á heimasíðu sinni á svokölluðu kynningarverði. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 28. desember 2015, sem sent var í tilefni þessa, var athygli félagsins vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 og reglum nr. 366/2008. Var vísað til þess að á heimasíðu kæranda kæmi fram að kærandi væri í fyrsta sinn að bjóða til sölu flugelda og því væru „þeir allir á kynningarverði“. Hvergi kæmi hins vegar fram á heimasíðunni á hvaða tímabili umrætt kynningarverð stæði til boða eins og áskilið væri samkvæmt 5. gr. reglna nr. 366/2008. Slík verðsamsetning kynni að óbreyttu að vera til þess fallin að brjóta gegn framangreindu ákvæði reglna nr. 366/2008 og 11. gr. og 9. gr., sbr. 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005.
5. Þá kom í bréfi Neytendastofu fram að þegar kynningartilboði lyki yrði vara að fara á venjulegt verð. Við mat á lögmæti kynningarverða væri að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að meta hlutfall þess tíma sem vara væri á kynningarverði og á venjulegu verði. Með hliðsjón af því að sölutímabil skotelda væri frá 28. desember til 6. janúar, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 952/2003, og til þess að unnt væri að meta hvort um raunverulega verðlækkun væri að ræða færi stofnunin fram á að kærandi veitti upplýsingar um hve lengi kynningarverðið stæði yfir og hvenær skoteldar færu á venjulegt verð. Með bréfinu Neytendastofu fylgdu skjáskot af heimasíðu kæranda.

6. Svar kæranda barst með tölvubréfi, dags. 29. desember 2015. Þar segir að verð flugeldanna sem hann selji sé fyllilega samkeppnishæft og mjög hagstætt. Kynningarverðið renni út klukkan 13.00 þann 31. desember 2015. Eftir það verði þessir flugeldar seldir á fullu verði. Enn fremur komi gildistíminn fram þar sem kynningarverðinu sé teflt fram, bæði í auglýsingum og á síðu kæranda. Mögulega verði einhverjar tegundir settar á tilboð 5. og 6. janúar. Þetta sé þó alls ekki víst og fari allt eftir birgðastöðu og sölu þangað til.

### ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

7. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 2. febrúar 2016, var kæranda tilkynnt um hina kærðu ákvörðun. Í niðurstöðukafla hennar kemur fram að málið varði kynningartilboð á skoteldum hjá vefverslun kæranda á heimasíðunni heimkaup.is. Samkvæmt gögnum málsins hafi tímabil kynningartilboðsins ekki verið tilgreint á heimasíðunni. Kærandi hafi greint frá því að kynningarverðið hafi runnið út klukkan 13.00 þann 31. desember 2015. Eftir það yrðu skoteldar seldir á fullu verði.
8. Í ákvörðuninni eru ákvæði laga nr. 57/2005 og reglna nr. 366/2008. Síðan segir að við mat á því hvort um raunverulega verðlækkun sé að ræða verði að líta til þess hve langan tíma vara hafi verið á hinu lækkaða verði. Þá verði að líta til þess að sölutímabil flugelda sé stutt, þ.e. tíu dagar og nái það frá 28. desember til 6. janúar hver áramót, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda. Vörurnar sem um ræði hafi verið seldar á afsláttar verði, í hlutfallslega styttri tíma en á venjulegu verði. Því væri um raunverulega verðlækkun að ræða og neytendum þar með ekki veittar villandi upplýsingar um verðhagræðið. Tímalengd kynningarverðsins fæli því ekki í sér brot gegn lögum nr. 57/2005 eða reglum 366/2008.
9. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar kemur síðan fram að í skjáskotum af vefsíðu kæranda, sem fylgt hafi bréfi Neytendastofu, hafi ekki verið að finna nánari tilgreiningu á tímabili kynningartilboðsins eins og 5. gr. reglna nr. 366/2008 geri ráð fyrir. Þar sem tímabilið hafi ekki verið tilgreint telji Neytendastofa að umrædd markaðssetning kæranda hafi verið villandi gagnvart neytendum og í andstöðu við 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., 11. gr. laga nr. 57/2005, svo og 5. gr. reglna nr. 366/2008.
10. Loks er bent á að með ákvörðun Neytendastofu nr. 51/2015 hafi verið lögð stjórnvaldssekt á kæranda vegna sambærilegs brots þar sem ekki hafi verið tilgreindur gildistími kynningarverðs. Þrátt fyrir þá ákvörðun Neytendastofu hafi kærandi ekki fært viðskiptahætti sína við framsetningu á kynningarverðum til lögsmæts horfs. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 geti Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hafi komið telji Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga. Í ljósi framangreinds og að teknu tilliti til samstarfsvilja fyrirtækisins, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnisýslulaga telji Neytendastofa rétt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 krónur.

## RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

11. Í kæru, dags. 1. mars 2015, er þess aðallega krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara að sektarfjárhæðin verði lækkuð verulega. Þar kemur fram að kærandi hafi brugðist við bréfi Neytendastofu, dags. 28. desember 2015, með því að tilgreina við hvern og einn vörulið tímabil umrædds kynningartilboðs. Hafi Neytendastofu verið tilkynnt um þessa breytingu þann 29. desember 2015. Áður en breytingin hafi verið gerð hafi tímabil kynningartilboðsins komið fram á heimasíðu kæranda, en ekki undir hverjum einstökum vörulið tilboðsins.
12. Í fyrsta lagi byggir kærandi því á því að brugðist hafi verið við athugasemdum Neytendastofu þegar þær komu fram. Ákvörðun Neytendastofu byggir því á röngum forsendum eða misskilningi. Í öðru lagi verði ekki gerð sú krafa til þeirra sem verðmerkja vörur á kynningartilboði að merkja við hverja og eina vöru tímabil tilboðsins. Samkvæmt reglum nr. 366/2008 skuli tímabilið tilgreint þegar „auglýst“ séu kynningar- eða opnunartilboð. Það eigi ekki við um hverja og eina verðmerkingu á þeim vörum sem falli undir tilboð. Neytendastofa skilgreini í raun hvern einstakan vörulið vefverslana sem auglýsingu þó þeim sé ekki dreift og þær séu í eðli sínu sambærilegar gluggum eða hillum verslana.
13. Í þriðja lagi telur kærandi að viðskiptahættir hans hafi verið í samræmi við það sem þekkist hjá öðrum íslenskum vefverslunum. Ekki verði séð að Neytendastofa hafi gert sambærilegar athugasemdir vegna annarra fyrirtækja en kæranda. Að þessu leyti hafi Neytendastofa brotið gegn jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar. Í fjórða lagi áréttar kærandi að gildistími tilboðsins hafi verið tilgreindur undir hverjum vörulið um leið og ábending barst frá Neytendastofu. Ábendingin hafi komið fram fyrsta sölundag skotelda. Þar sem salan hafi verið mest síðustu tvo dagana fyrir áramót hafi sala fyrir leiðréttingu kæranda verið sáralítill. Efast megi um að framkvæmd kæranda fram að ábendingu Neytendastofu hafi raskað verulega eða verið líkleg til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda svo sem segi í 8. gr. laga nr. 57/2005.
14. Með bréfi, dags. 3. mars 2016, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 21. mars 2016, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Varðandi það hvort kærandi hafi brugðist strax við ábendingu Neytendastofu um annmarka á merkingum sínum vísar Neytendastofa til þess að engin gögn hafi fylgt bréfi kæranda til stofnunarinnar, dags. 29. desember 2015. Enn fremur megi benda á að fullnægjandi breytingar hafi ekki verið gerðar rakleiðis á öllum vöruliðum sem málið laut að. Neytendastofa hafi vissulega tiltekið svigrúm við mat á því hvort ástæða sé til beitingar valdheimilda hennar vegna fyrsta brots gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Vísi stofnunin í þessu samhengi til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála 24. janúar 2011 í máli nr. 3/2011 og 31. janúar 2011 í máli nr. 12/2010. Engu að síður hafi Neytendastofa að jafnaði talið tilefni til beitingar stjórnvaldssekta þegar um brot sé að ræða gegn fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Hafi sú nálgun ítrekað verið staðfest í framkvæmd sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 28. desember 2011 í máli nr. 21/2011. Nauðsynlegt sé að Neytendastofa geti beitt stjórnvaldssektum í tilfelli ítrekaðrar háttsemi til þess að tryggja fullnægjandi varnaðaráhrif.

15. Í þessu samhengi bendi Neytendastofa á að með ákvörðun stofnunarinnar nr. 51/2015 hafi verið lögð stjórnvaldssekt á kæranda vegna sambærilegs brots þar sem ekki hafi verið tilgreindur gildistími kynningarverðs. Í ákvörðunarorðum þeirrar ákvörðunar hafi komið fram að kærandi hefði brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og 5. gr. reglna nr. 366/2008 með því að tilgreina ekki gildistíma kynningarverða á Kross barnareiðhjólum, Landmann grillum og Weber Summit grillum. Ákvörðunin sé því ekki ólík málsatvikum í fyrirbyggjandi máli eins og kærandi haldi fram. Þá sé það rangt hjá kæranda að stofnunin hafi í hinni kærðu ákvörðun vísað til skorts á samstarfsvilja kæranda. Samstarfsvilji kæranda hafi haft áhrif við val á aðgerðum og við mat á fjárhæð stjórnvaldssektarinnar.
16. Ákvæði 5. gr. reglna nr. 366/2008 sé ekki eingöngu bundið við auglýsingar. Í 1. gr. reglnanna sé enn fremur tekið fram að reglurnar taki til útsölu eða annarrar sölu, s.s. tilboða, afsláttar og annarra slíkra aðgerða sem fela í sér að venjulegt verð á vöru eða þjónustu sé lækkað í tiltekinn tíma. Þá skuli bent á að ákvæði II. og III. kafla laga nr. 57/2005 taki til allra viðskiptahátta. Viðskiptahættir í skilningi laganna séu markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttsemi sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. 6. tölulið 3. gr. laganna. Þetta eigi nær undantekningarlaust við þegar vara hafi verið kynnt til sölu, hvort sem það sé í verslun, í auglýsingum eða á vefsíðum. Sú háttsemi sem um ræði í fyrirbyggjandi máli falli því augljóslega þar undir.
17. Varðandi ætluð brot á jafnræðisreglu bendi Neytendastofa fram að stofnunin hafi töluvert sjálfðæmi um skipulag þeirra aðgerða sem þörf sé á vegna óréttmætra viðskiptahátta. Eigi þetta einkum við þegar Neytendastofa ákveði hvar þörf sé á að aðhafast að eigin frumkvæði. Hin kærða ákvörðun hafi verið hluti markvissra aðgerða gegn óréttmætum viðskiptaháttum fjölda aðila á flugeldamarkaði. Mál gegn sjö aðilum á þessum markaði hafi verið tekin til efnislegrar meðferðar en atvik í máli kæranda hafi verið þau einu þar sem um hafi verið að ræða brot gegn fyrri ákvörðun stofnunarinnar. Þá sé rétt að benda á að ekki skipti máli hvort viðskiptahættir hafi haft raunveruleg áhrif á kauphegðun neytenda, heldur að þeir séu til þess fallnir að hafa slík áhrif, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005.
18. Með bréfi, dags. 30. mars 2016, var kæranda gefinn kostur á að taka afstöðu til greinargerðar Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 13. apríl 2016. Þar kemur fram að við upphaf málsins hafi Neytendastofa aðeins óskað eftir skýringum kæranda ásamt öðrum athugasemdum sem félagið óskaði eftir að koma á framfæri vegna erindis stofnunarinnar. Ekki hafi verið farið fram á að kærandi léti stofnuninni í té gögn því til staðfestingar að fullnægjandi breytingar hefðu verið gerðar á merkingum á heimasíðu kæranda. Hefði stofnunin óskað staðfestingar á því hefði kæranda verið í lófa lagið að senda þær með. Eins og erindi Neytendastofu hafi verið orðað hafi kærandi ekki átt von á öðru en að starfsmenn Neytendastofu myndu kanna heimasíðu kæranda og ganga úr skugga um að viðeigandi breytingar hefðu verið gerðar á henni eins og kærandi hafi tilkynnt í bréfi sínu til Neytendastofu, dags. 29. desember 2015. Athugasemdin sýni einnig að stofnunin hafi ekki athugað hvort kærandi hafi brugðist við í kjölfar upphaflegs erindis stofnunarinnar.

19. Í greinargerð Neytendastofu sé bent á að fullnægjandi breytingar hafi ekki verið „gerðar rakleiðis á öllum vöruliðum sem málið laut að“. Ekki sé tilgreint hvaða vöruliði um ræði og viti kærandi ekki betur en að gildistími tilboðsins hafi einmitt verið settur við alla vöruliðina. Þá sé óljóst hvort sá samstarfsvilji kæranda, sem vísað hafi verið til í hinni kærðu ákvörðun, hafi verið mikill eða lítil og hvort það hafi verið kæranda til framdráttar eða ekki. Þegar litið sé til þess að Neytendastofa hafi sýnilega ekki áttað sig á því hversu skjótt kærandi brást við athugasemdum stofnunarinnar, og að ákvörðun hennar hafi verið að sekta kæranda, sé ekki óvarlegt að ætla að þar hafi verið vísað til skorts á samstarfsvilja frekar en hitt.
20. Í bréfinu er síðan áréttað að kærandi telji að 5. gr. reglna nr. 366/2008 eigi orðum sínum samkvæmt aðeins við um það þegar kynningar- eða opnunartilboð sé auglýst, en ekki til allra vöruliða á vefsíðu fyrirtækisins. Kærandi mótmæli því að upplýsingar um hvern vörulið teljist vera auglýsing í skilningi ákvæðisins. Vísi hann meðal annars til jafnræðisreglunnar og að Neytendastofa geti ekki aðeins vísað til þess að hún ráði sjálf skipulagi aðgerða sinna.

## **NIÐURSTAÐA**

21. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að hann hafi brotið gegn 5. gr., 8., gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 5. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði með því að tilgreina ekki gildistíma kynningarverða á skoteldum á vefsíðu sinni heimkaup.is. Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 lagði stofnunin stjórnvaldssekt á kæranda að fjárhæð 250.000 krónur.
22. Svo sem fram er komið mun kærandi í lok desember 2015 hafa boðið til sölu skotelda á heimasíðu sinni, heimkaup.is, en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 952/2003 er slík sala almennt óheimil nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum. Fyrir liggur að dagana 28. til 31. desember bauð kærandi skotelda til sölu á sérstöku kynningartilboði en tilboðinu mun hafa lokið síðarnefnda daginn klukkan 13:00. Þann 28. desember 2015 ritaði Neytendastofa kæranda bréf þar sem bent var á að undir hverjum vörulið á heimasíðu kæranda væri framangreint tímabil tilboðsins ekki auglýst heldur aðeins að varan væri á kynningarverði. Slík framsetning væri til þess fallin að brjóta í bága við 5. gr. reglna nr. 366/2008 og 9. og 11. gr. sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005. Neytendastofa óskaði eftir skýringum kæranda ásamt öðrum athugasemdum sem kærandi óskaði eftir að koma á framfæri. Var kæranda gefinn eins dags frestur til að bregðast við erindi stofnunarinnar en að þeim tíma liðnum mætti búast við að Neytendastofa tæki ákvörðun í málinu.
23. Degi síðar, eða með bréfi, dags. 29. desember 2015, brást kærandi við fyrrgreindu erindi stofnunarinnar. Þar kemur fram að gildistími kynningartilboðs hans komi fram „bæði í auglýsingum og á síðu Heimkaup.is“. Bréfið var sent Neytendastofu með tölvubréfi fyrrsvarsmanns kæranda sama dag og bréfið er dagsett. Í tölvubréfinu segir: „Eins og segir í svarinu tel ég að við séum í öllu að fara eftir bókstafnum en ekki hika við að hafa samband við mig bréfleiðis, tölvupósti eða síma [...] ef nánari upplýsinga er óskað eða ef þú telur að eitthvað

skorti upp á.“ Í kjölfarið tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun 2. febrúar 2016, þar sem fram kemur að samkvæmt gögnum málsins sé „tímabil kynningartilboðsins ekki tilgreint á heimasíðu“.

24. Kærandi hefur lagt fram tölvubréf sem sent var út á hans vegum þar sem umrætt kynningartilboð er auglýst og er tímabil þess þar tilgreint. Tölvupósturinn er dagsettur 29. desember 2015. Þá hefur hann lagt fram skjáskot af heimasíðu sinni þar sem einstakur vöruliður tilboðsins er auglýstur til sölu og tímabil kynningartilboðsins einnig tilgreint. Ekki er þó hægt að greina af skjáskotinu hvenær það er tekið.
25. Af framangreindu verður að nokkru marki ráðið að kærandi hafi í kjölfar erindis Neytendastofu brugðist við athugasemdum stofnunarinnar um tilgreiningu tímabils kynningartilboðs að því er varðar einstaka vöruliði þótt ekki sé ljóst hvenær nákvæmlega slíkar breytingar voru gerðar. Án tillits til þessa er ljóst af bréfum kæranda 29. desember 2015 að hann áleit að umrætt tímabil væri tilgreint á heimasíðu sinni og að slík tilgreining uppfyllti ákvæði reglna nr. 366/2008 og laga nr. 57/2005. Þrátt fyrir þetta er hvergi í hinni kærðu ákvörðun vikið að því að Neytendastofa hafi framkvæmt aðra könnun á heimasíðu kæranda í kjölfar viðbragða kæranda eða að stofnunin hafi sannreynt þá staðhæfingu hans að tímabil kynningartilboðsins hafi verið þar tilgreint. Virðist sem stofnunin hafi álitnið að sú skylda hvíldi á kæranda að leggja fram gögn þar að lútandi, án þess þó að kærandi hafi verið upplýstur um þessa afstöðu stofnunarinnar í bréfi hennar, dags. 28. desember 2015, eða í kjölfar bréfs hans degi síðar.
26. Samkvæmt 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Þá ber stjórnvöldum við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna að skrá meðal annars upplýsingar um málsatvik sem viðkomandi stjórnvald fær vitneskju um ef þær hafa þýðingu, sbr. 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Hin kærða ákvörðun var íþyngjandi gagnvart kæranda og bar Neytendastofu að sjá til þess að málið væri nægjanlega upplýst áður en hún var tekin. Í kjölfar bréfs kæranda til Neytendastofu, dags. 29. desember 2015, var tilefni fyrir stofnunina til þess að kanna aftur heimasíðu kæranda og skrá í gögn málsins hvort tímabil kynningartilboðs flugelda væri yfirleitt tilgreint á heimasíðu kæranda, svo sem mátti ráða af bréfi hans til stofnunarinnar, og ef svo væri hvernig slíkri tilgreiningu væri í reynd háttað. Eins og mál þetta liggur fyrir áfrýjunarnefndinni er óljóst hvort notendur heimasíðu kæranda voru að einhverju leyti upplýstir um umrætt tímabil og þá hvernig það var gert. Á þetta bæði við um dagana 28. og 29. desember 2015. Þá er ekki upplýst hvenær kærandi breytti upplýsingum um einstaka vöruliði á heimasíðunni.
27. Í ljósi alls framangreinds verður við það að miða að ekki liggi fyrir nefndinni gögn um stöðu merkinga einstakra vöruliða á heimasíðu kæranda frá og með 29. desember 2015. Einnig er óvíst hvort tímabil kynningartilboðs kæranda hafi að öðru leyti verið kynnt á heimasíðu hans þann 28. desember 2015 þá er athugun Neytendastofu hófst. Er því slík óvissa um það hvernig staðið var að merkingum á heimasíðu kæranda á því tímabili sem hin kærða ákvörðun lýtur að að ekki verður hjá því komist að fella hana úr gildi.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Egill Heiðar Gíslason